

Fuglar úr beinum greinum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Verkefnið þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna. Eykur þekkingu nemenda á ferskum efniðvið, fuglum og einkennum þeirra.

Námsgreinar: Smíði, náttúrufræði, list- og verkgreinar, lífsleikni, saga o.fl.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Efni í fuglinn, fætur og fótstykkið geta nemendur sótt sjálfir í skóg eða nágrenni, þá getur kennari einnig verið búinn að taka til efnið. Saga verður fótstykkið en hitt efnið má klippa. Kljúfa má greinina í fótstykkið og fást þá tvö stykki úr hverjum bút eða kljúfa lengri grein og saga í búta á eftir.

Fuglinn er tálgaður til og skilinn eftir börkur sem afmarkar vængina. Nemendur hafa kynnt sér fugla og einkenni þeirra. Það auðveldar útfærslu goggs og sköpulags fuglsins.

Gæta þarf þess að hausinn á fuglinum þorni ekki of hratt þegar inn er komið og má forðast það með því að bera olíu á hann, hylja með plasti eða líma með málalímbandi utan um hausinn.

Pússa skal fuglinn og jafnvel má búa til munstur í hann með litum eða brennipenna.

Setja má einn fót á fuglinn og búa þannig til brauðfugl eða láta fuglinn sitja á grein sem síðan er fest í undirstykki og koma þannig fyrir fleiri en einum fugli. Vængi má sérsmíða sérstaklega á fuglinn ef vængirnir eiga að standa út. Efni í þá má kljúfa á sama hátt og efni í smjörhnífa og tálga eða pússa niður í rétta þykkt.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Tálguhnífur, vasahnífur, klippur, 3 mm sver bor, borvél eða handbor, sandpappír og brennipenni.

Mælt er með að nota 3-4 cm sverar greinar úr ösp eða víði í fuglinn sjálfan. Í stand fyrir fuglinn er gott að nota 5 cm sveran og 8 cm langan bút úr birki. Aðrar tegundir, s.s. birki og reyni, má einnig nota. Örmsáar birkigreinar er gott að nota í fætur sem eru bognar, u.þ.b. 4 cm langar.

Gott er að nemendur undirbúnir með því að skoða fuglabækur, t.d. *Íslenskan fuglavísi* eftir Jóhann Óla Hilmarsson, *Fuglabók AB, Fugla Íslands og Evrópu*, þýð. Finnur Guðmundsson.

Einnig er gott að skoða bækur um tálgun og skóga eins og bókina *Skógurinn og nýting hans*, frá Námsgagnastofnun og *Lesið í skóginn - tálgað í tré*, frá Landbúnaðarháskóla Íslands.